



Akraneskaupstaður  
bt. bæjarráðs  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 20.06.2019  
1904135 HS

**Efni: Skógarhverfi 1. áf. fjölbýlishús - breyting á greinargerð**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 18. júní 2019, var fjallað um grenndarkynningu sem fram fór vegna breytinga á greinargerð deiliskipulags í Skógarhverfi 1. áfanga.

Breytingin felst í að að í kafla 3.2.: Öll hús á skipulagssvæðinu eru látin standa við götu og snúa framhlið og aðalinngangi að henni.

Verður eftir breytingu: Framhlið og aðalinngangur húss skal hvort heldur sem er snúa að götu eða frá henni. Ennfremur sé tryggt samræmi í hönnun húsa er varðar hliðar er snúa út að götu og sérnotafletir íbúða á jarðhæð.

Grein 4.3.1., Almennt Ef byggð verða svokölluð svalagangahús skal þess gætt að svefnherbergi snúi ekki að svalagangi. Verður eftir breytingu: Ef byggð verða svokölluð svalagangahús skal þess gætt að lágmarka svefnherbergi er snúi að svalagangi. Í slíkum tilvikum skal þess gætt að slíta svalagang frá húsi í samráði við byggingafulltrúa. Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 15. maí til og með 14. júní 2019, fyrir lóðarhöfum við Asparskóga 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18 og Beykiskógum 19. Engar athugasemdir bárust við breytinguna.



Akraneskaupstaður

*Bókun skipulags- og umhverfisráðs.*

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

---

Hafdís Sigurþórsdóttir

fulltrúi